

# Fjölhæf og síung listakona

Um Júlíönu Sveinsdóttur  
listmálara og vefara,

Eyjastúlkuna,  
sem alltaf fór nýjar leiðir



Frá sýningunni



Teppi

Á þeim tíma, sem prentaraverkfallið stóð í vetur, var haldin yfirlitssýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur listmálara á Kjarvalsstöðum en ættingjar hennar stóðu að þessari sýningu. Hún nam fyrst listmálun hjá Þórarni B. Þorlákssyni, en síðan nam hún hjá ýmsum listmálurum í Kaupmannahöfn og einnig við Konunglegu akademíuna þar. Einnig nam hún m.a. á Ítalíu og í Noregi. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum voru 94 málverk, 2 mosaikverk, 1 fresco-mynd, 5 teikningar, 8 teppi og 1 frummynd að skrautglugga í olíulitum.

Við eldsumbrotin í Vestmannaeyjum 23. janúar, 1973, flúði þorri Vestmannaeyinga til meginlandsins, þar á meðal 14 fjölskyldur úr frændliði Júlíönu heitinnar Sveinsdóttur. Mörg listaverk Júlíönu voru í eigu þessa fólks, og fengu nokkrir ættmenn hennar þá hugmynd, að nú væri einstætt tækifæri til þess að stofna til minningarsýningar um Júlíönu, þar sem saman væru komin listaverk bæði Eyjamanna og þau verk, er til næðist á meginlandinu.

Þrjú menn skipuðu sýningarnefnd, þeir Lárus Ársælsson útgerðarmaður frá Vestmannaeyjum, Sveinn K. Sveinsson verkfræðingur og Leifur Sveinsson lögfræðingur, báðir úr Reykjavík.

Fengu þeir þá Einar Hákonarson listmálara og Guðmund Benediktsson myndhöggvara til þess að setja upp sýninguna, en nefndarmenn sáu um útvegum mynda og annarra listaverka.

Júlfána Sveinsdóttir var fædd í Vestmannaeyjum 31. júlí, 1889 og andaðist í Kaupmannahöfn 17. apríl, 1966. Hún fór utan til náms 1909 og dvaldi lengst af í Danmörku eftir það, utan árunna 1928—31, að hún bjó að mestu hér heima.

Hún átti sæti í Akademíráðinu í Kaupmannahöfn um tíma eftir síðari heimsstyrjöldina og gegndi fleiri trúnaðarstörfum fyrir listamenn í Danmörku.

Baldur Johnsen  
barn að aldri



Í sýningarskrá á þessari minningarsýningu sagði Björn Th. Björnsson m.a. í grein um listakonuna:

„Júlfána Sveinsdóttir fyllir flokk þeirra íslensku listamanna sem fóru utan til náms fyrir heimsstyrjöldina fyrri og komu fram með verk sín á hinu mikla nýmótunarskeiði fyrir 1920. Í þessum hópi voru Jón Stefánsson, Jóhannes Kjarval, Kristín Jónsdóttir og Guðmundur Thorsteinsson, auk hennar sjálfar. Þrátt fyrir þetta eiga verk Júlíönu stílsögulega heima á talsvert síðara skeiði, hins litþunga og innhverfa expressionisma undir og um 1930. Enn miklu síðar skipuðu verk hennar myndugan sess við hlið hins yngsta í norrænni list, verk, þar sem eðli efnisins, áþreifanleiki þess og huglæg myndgildi voru orðin að samheilli tjáningu. Á sjöunda áratugi aldarinnar, þegar Júlfána var komin á áttræðisaldur, völdu einhverjir framsæknustu